



264. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. mars 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Þráinn Hafsteinsson, Viðar Garðarsson, Örn Andrússon, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Úlfur H. Hróbjartsson, Þórey Edda Elísdóttir og Jón Finnbogason.

Varaforseti stýrði fundinum þar sem mætingu forseta seinkaði.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrússon formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta í málaflökknum. Vetrarólympíuleikarnir í PyeongChang gengu vel og nú standa Paralympics leikarnir yfir. Fundað verður með Skíðasambandi Íslands á vormánuðum til að fara yfir þátttökuna á leikunum.

Örn sagði nauðsynlegt að taka umræðu um forgangsröðun ólympískra verkefna, með tilliti til kostnaðar. Fundarmenn tóku undir orð Arnar og ræddu mögulegar breytingar. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að finna heppilega dagsetningu fyrir sérstakan fund framkvæmdastjórnar um þessi mál.

Örn skýrði einnig frá helstu verkefnum sviðsins þessa stundina. Mikil vinna liggur í því að fara yfir skil sérsambanda og funda með samböndunum.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Mikil þátttaka er á þjálfaranámskeiðum ÍSÍ. Búið er að yfirfara og endurbæta allt kennslufni á námskeiðunum í kjölfar #metoo. Starfsmenn sendu út könnun til sambandsaðila ÍSÍ varðandi siðareglur til að fá betri yfirsýn yfir stöðuna hvað það varðar. Tvö íþróttahéruð eru í ferli að sækja um gæðastimpilinn Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og búast má við að fleiri fylgi á eftir.

Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ leggur til að Dominqua Belány og Bendikt Jónsson fari á vegum ÍSÍ á námskeið Alþjóðaiþróttakademíunnar fyrir unga leiðtoga í Grikklandi. Einnig er lagt til að Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnastjóri á Þróunar- og fræðslusviði ÍSÍ sækji námskeið stjórnenda hjá Alþjóðaiþróttakademíunni.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

Farið yfir stöðu mála varðandi viðbrögð gegn kynferðislegu áreitni og ofbeldi. Beðið er niðurstöðu starfshóps ráðuneytisins um málefnið en á meðan er verið að yfirfara siðareglur, reglugerðir og lög með hliðsjón af málinu.

Garðar Svansson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá því að hann hafi beðist lausnar frá embætti sínu sem formaður fagráðsins á meðan hann er í veikindaleyfi. Hafsteinn Pálsson verður í forsvari fyrir sviðið í fjarveru Garðars.

Hafsteinn skýrði frá því helsta í starfi sviðsins. Hjólað í vinnuna hefst í byrjun maí og Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fer fram 2. júní nk. Undirbúningur er hafinn í samstarfi við Garðabæ og Umf. Stjórnuna.

3. Ósk um stofnun séríþróttanefndar um klifur

Tekið fyrir erindi þriggja félaga sem hafa klifur innan sinna vébanda um stofnun Klifurnefndar ÍSÍ. Íþróttin uppfyllir kröfur ÍSÍ um iðkendafjölda og útbreiðslu. Klifur er ein af valiþróttum skipuleggjenda Ólympíuleikanna í Tókýó 2020 og er því ólympísk íþrótt, í það minnsta fram yfir leika. Í erindi félaganna er gerð tillaga um nefndarmenn.

Samþykkt að skipa Elmar Orra Gunnarsson frá Klifurfélagi Reykjavíkur, Þórð Sævarsson frá Klifurfélagi ÍA og Örn Árnason frá Fimleikafélaginu Björk í nefndina.

4. Nýjar íþróttir:

Fyrir liggja erindi frá UÍA vegna sleðahundaíþróttar og frá ÍBH varðandi sambó. Ákvarðanatöku frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

5. Erindi Bocciafélags Akureyrar

Bocciafélag Akureyrar hefur óskað eftir úrskurði frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, byggðan á 6. grein laga ÍSÍ varðandi synjun ÍBA á aðildarumsókn félagsins. Framkvæmdastjórn ÍSÍ vísaði málinu til laganevndar ÍSÍ til skoðunar. Nefndin óskaði eftir viðbótarupplýsingum og rökstuðningi frá ÍBA og er beðið svara.

6. Samningur við Air Iceland Connect

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að samningurinn liggja fyrir til undirritunar og stefnt sé að undirritun á næstu dögum.

Rætt um aðgengi framkvæmdastjórnarmanna að samningum sem undirritaðir eru í nafni ÍSÍ.

7. Ályktun frá ársþingi UMSK

Eftirfarandi ályktun frá ársþingi UMSK lögð fram:

„94. Ársþing UMSK haldið í Garðabæ 13. Febrúar 2018 skorar á UMFÍ og ÍSÍ að standa sameiginlega að gerð aðgerðaráætlunar fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi og kynna vel fyrir aðildarfélögum og iðkendum.

Það er mikilvægt að það sé öllum okkar skjólstæðingum ljóst hvert skal leita ef slík mál koma upp. Það er hagur og styrkur íþróttahreyfingarinnar í heild sinni að hafa sömu boðleiðir og sameiginlega stefnu.“

8. Bréf FRÍ vegna þátttöku ÍSÍ í starfshópi mennta- og menningarráðuneytis

Lagt fram bréf frá FRÍ þar sem þakkað er fyrir umfjöllun ÍSÍ á umliðnum vikum, m.a. ábendingar til íþróttahreyfingarinnar er varðar upplýsingaefni tengt umræðu um kynferðislegt áreiti og ofbeldi.

Í bréfinu kemur m.a. fram hvatning stjórnar FRÍ til ÍSÍ um að vera í forsvari við endurskoðun á siðavenjum og almennu regluverki og er vonast til að vinna starfshóps ráðuneytis, sem nú hefur verið skipaður um málefnið, varði leiðina í þeim efnum.

9. Stuðningur við umsókn Íþróttasambands Færeyja um aðild að IOC

Íþróttasamband Færeyja óskaði eftir formlegum stuðningi ÍSÍ við umsókn sambandsins um aðild að Alþjóðaólympíunefndinni. ÍSÍ hefur áður sent samsvarandi stuðningsyfirlýsingu við fyrri umsókn sambandsins.

Málið var borið undir framkvæmdastjórn í gegnum tölvupóst vegna tímapressu og stuðningsbréf til Íþróttasamband Færeyja staðfest með tölvupóstsendingum.

10. #metoo

Ása Ólafsdóttir sem situr fyrir hönd ÍSÍ sem fulltrúi í starfshópi mennta- og menningarmálaráðuneytis um málefnið skýrði frá því helsta úr starfi starfshópsins. Starfshópin skipa, auk Ásu, framkvæmdastjóri UMFÍ, Hafdís Inga Hinriksdóttir sem fulltrúi íþróttakvenna og

þrír fulltrúar ráðuneytis. Enn á eftir að skipa fulltrúa frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga í hópinn. Hópurinn hefur haldið tvo fundi til þessa.

Miklar umræður urðu um málið. Samþykkt að senda annað stöðubréf út til hreyfingarinnar eftir næsta fund starfshópsins, til að upplýsa hreyfinguna um stöðu mála.

11. Heiðranir

Eftirfarandi heiðrun var samþykkt í gegnum tölvupóstsendingar:

HSP – Baldvin Balvinsson og Kolbrún Ívarsdóttir – Silfurmerki ÍSÍ. Merkin voru afhent á ársþingi sambandsins 11. mars sl.

Eftirfarandi heiðranir samþykktar:

LSÍ:

- Ásgeir Bjarnason, fráfarandi formaður sambandsins - Gullmerki ÍSÍ
- Stefán Ragnar Jónsson fráfarandi ritari sambandsins - Silfurmerki ÍSÍ

Merkin verða afhent á ársþingi sambandsins 17. mars nk.

TSÍ: Ásta M. Kristjánsdóttir fráfarandi formaður sambandsins – Gullmerki ÍSÍ

FRÍ:

- Lóa Björk Hallsdóttir – Silfurmerki ÍSÍ
- Fríða Rún Þórðardóttir – Gullmerki ÍSÍ
- Sigurður Haraldsson – Gullmerki ÍSÍ
- Þorsteinn Þorsteinsson – Gullmerki ÍSÍ

Merkin verða afhent á ársþingi FRÍ 23. mars nk.

UMSE: Bjarnveig Ingvadóttir fráfarandi formaður – Gullmerki ÍSÍ

Merkið verður afhent á ársþingi UMSE 22. mars nk.

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 263. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Afreks- og Ólympíusviðs frá 13. mars sl.
- Afrekssjóðs ÍSÍ frá 12. mars sl.

Lilja Sigurðardóttir formaður sjóðsstjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir tillögur sjóðsins að úthlutunum úr sjóðnum. Fundargerð og úthlutanir sjóðsins samþykktar samhljóða.

Heildarúthlutun að þessu sinni er kr. 165,9 millj. króna.

Samþykkt að heimila Afrekssjóði ÍSÍ að úthluta skv. tillögu með fyrirvara um gerð samninga.

Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ og Afrekssjóði ÍSÍ þakkað fyrir þá miklu vinnu sem að baki tillögnum liggur.

Ingi Þór Ágústsson benti á að gott væri fyrir stjórnarfolk að fá að sjá dæmi um samninga við sérsamband. Formaður Afrekssjóðs svaraði því til að það væri unnt um leið og þeir lægju fyrir fullunnir.

- Laganevnd frá 13. mars sl.

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður 26. apríl nk.

15. Önnur mál

Fjárhagsupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

Tækninefnd GSSE

Samþykkt að skipa Andra Stefánsson sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sem tæknifulltrúa Íslands í Tækninefnd Smáþjóðaleikanna, í stað Örvars Ólafssonar sem áður hafði verið skipaður í nefndina. Skrifstofu falið að senda skrifstofu GSSE og formann Tækninefndarinnar bréf þar að lútandi.

Heimsókn ráðherra

Mennta- og menningarmálaráðherra mun heimsækja ÍSÍ þann 13. apríl nk. Við það tækifæri verður skipulagsskrá sjálfstæðrar stofnunar um lyfjaeftirlit – Lyfjaeftirlits Íslands – undirrituð. Einnig er fyrirhugað að undirrita samninga við ráðuneytið um fjárframlög til reksturs ÍSÍ, Ferðasjóðs íþróttafélaga og sérsambanda ÍSÍ. Auk þess mun ráðherra fá kynningu á skipulagi ÍSÍ, starfsemi og helstu verkefnum.

Starfsmannadagur

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhuguðum starfsmannadegi 16. mars nk. Skrifstofan verður lokuð þann dag. Starfsmenn sækja örnámskeið í skjalavistunarkerfinu ONESystems og Office 365 en eftir hádegi verður farið í hópeflisferð út fyrir borgina.

Ársþing sambandsaðila

Farið yfir þau ársþing sambandsaðila sem fulltrúar ÍSÍ hafa setið undanfarnar vikur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari